

Litaskráningarkerfi í Worldfeng

Í stað fjögurra stafa kóða til að lýsa lit verða teknir upp fimm stafa kóðar, flokkun lita helst þó að mestu óbreytt. Hingað til hefur litakóði fyrir rautt verið 1500 en verður eftir breytingu 15000.

1. sætið, segir til um grunnlit, rauður, brúnn, jarpur o.s.frv.
2. sætið, segir til um blæbrigði litar, ljóst, milli, dökkt.
3. sætið, segir til um litamynstur á höfði, bók og fótum.
4. sætið, segir til um lit á augum, faxi/tagli og litamynstur á höfði.
5. sætið en notað fyrir sjaldgæfa liti og frumteikn, s.s. ýruskjótt, hálfhjálmskjótt.

Þær breytingar sem notendur taka eftir varðandi 1. sætið er að nú er bleikum lit skipt upp í bleikt og bleikálótt. Bleikt hefur rauðan grunnlit á bak við sig en bleikálótt hefur jarpan grunnlit á bak við sig. Enda stundum erfitt að greina á milli er hrossið bleikálótt eða jarpt. Bleikt verður áfram með kóðann 6 en bleikálótt fær kóðann 8. Framvegis verður vindótt því með kóðann 9 en var áður með 8.

Sæti 2 er óbreytt að mestu fyrir almenning en litaskrásetjarar fá fleiri möguleika til að skrá allskonar blæbrigði. Ljóst verður áfram táknað með 2, milli með 5 og dökkt með 7.

Varðandi sæti 3 er helsta breytingin að slettuskjótt verður ekki lengur táknað með S heldur fær það kóðann 9.

Breytingar á sæti 4 eru óverulegar, bætt hefur verið inn að hægt er að skrá höfuðteikn á skjóttum hrossum (stjarna, blesa, nös).

Sæti 5 kemur alveg nýtt inn en þar eru komnir inn kóðar fyrir sjaldgæfa liti, s.s. ýruskjótt og ýruskjótt. Ýruskjótt fær kóðann 2 en var áður táknað með Y. Þarna koma líka inn möguleikar fyrir litaskrásetjara að skrá hálslettuskjótt o.fl. litasamsetningar sem krefjast litgreiningar eða þekkingar á litaerfðum.

Til að auðvelda skráningar á lit verður hægt að velja kóða úr 5 felligluggum í grunnskráningarmynd hrossins, áfram verður reitur til að lýsa litum með texta:

Litamúmer - litatafla	Aðallitur	Blæbrigði	Litamynstur á höfði, bók og fót	Augu, fax/tagli og litamynstur á	Sjaldgæfir litir og frumteikn
Litur nánar					

Aðallitur
Aðallitur
0 Grár
1 Rauður
2 Brúnn
3 Jarpur
4 Leirljós
5 Moldóttur
6 Bleikur
7 Móalóttur
8 Bleikálóttur
9 Vindóttur

Mynd 1. Grunnlitur, mögulegir litakóðar í sæti 1.

Blæbrigði
0 Hvítingi, rauður grunnlitur
1 Rauður, ber vindótt
2 Ljósrauður
3 Botnrauður
4 Rauðlitförottur, ber vindótt
5 Rauður
6 Dökkrauður
7 Sótrauður
8 Rauðlitförottur
9 Grár, f. rauður, ber vindótt

Mynd 2. Blæbrigði, fellingluggi fyrir sæti 2.

Litamynstur á höfði, bók og fótum
0 einlitur
1 skjóttur
2 stjörnöttur
3 nösóttur
4 tvístjörnöttur
5 blesóttur
6 leistar og/eða sokkar, án höfuðteikna
7 leistar og/eða sokkar auk höfuðteikna
8 dökk teikn á höfði og/eða fótum
9 slettuskjóttur (SW1/SW1)

Mynd 3. Litamynstur, fellingluggi fyrir sæti 3.


Augu, fax/tagl og litamynstur á höfði
0 ekkert auðkenni
1 glófextur
2 grásprengr í faxi og/eða tagli
3 vagl í auga
4 hringeygður
5 ægishjálmur
6 glaseygður
7 mó- eða móguleygður
8 glófextur og/eða vagl, hringeygður, glaseygður eða ægishjálmur
9 skjóttur auk höfuðteikna

Mynd 4. Fellingluggi fyrir sæti 4.

Sjaldgæfir litir og frumteikn
0 ekki til staðar
1 yrjuskjóttur (W8)
2 ýruskjóttur (W21)
3 hálsflekkuskjóttur (N/SW1) og skjóttur (To-), allir grunnlitir
4 alhvítur, slekkuskjóttur SW1/SW1 og skjóttur (To-), allir grunnlitir
5 hálsflekkuskjóttur (N/SW1)
6 mön (áll)
7 frumteikn, herða- og/eða leggjarendur og/eða mön
8 ljós svæði um nasir og augu ásamt ljósum svæðum á kvið/nára
9 hvít hár (hætur) í feldi

Mynd 5. Felligluggi fyrir sæti 5.

Í WF er að finna í heild sinni litaskjöl með öllum litakóðunum og lista með öllum kóðum í númeraröð. Þar er einnig að finna myndasafn með helstu litum og frábæra rafræna bæklinga um hvaða erfðavísar stjórna litum og litasamsetningum, eitthvað sem allir ættu að kynna sér. Ef smellt er á „Litir“ í aðalvalmyndinni opnast þessi gluggi (mynd 6):



WORLD FENGUR
Upprunaættbók
íslenska hestsins

NOTENDASKILMÁLAR
KYNNING
FORSÍÐA
TUNGUMÁL
HEIMARÉTTIN
UPPÁHALDS HROSS
HROSS
LITIR
Litir og erfðir - NEW
Myndir
Litatala
NAFNABANKI
SYNINGAR
MYNDBÖND
UPPRUNI
SKÝRSLUR
EYDUBLÖD
HÆTTA

Hrossaleit

Ath! Fæðingarnúmer og kennitala byrja alltaf á **landskóða**, sbr. IS fyrir Ísland.
Mögulegt er að nota stjörnu (*) í leitarkeyrðum.

Stafasett á ö é í ó ú ý þ æ ö á ä ü ß ø

Fæðingarnúmer

Nafn frá

Ótilgreint

Litur

Ótilgreint

Ótilgreint

Ótilgreint



Mynd 6. Litir, í þessari valmynd er hægt að smella t.d. á liti og erfðir og skoða rafræna bæklingar um litaerfðir.

Ef smellt er á Litir og erfðir, koma bæklingarnir í ljós:




NOTENDASKILMÁLAR
KYNNING
FORSÍÐA
TUNGUMÁL
HEIMARÉTTIN
UPPÁHALDS HROSS **NEW**
HROSS
LITIR
Litir og erfðir - NEW
Myndir
Litafalla
NAFNABANKI
SYNINGAR
MYNDBÓND
UPPRUNI
SKÝRSLUR
EYÐUBLÖÐ
HÆTTA

Ítarefni

LITIR OG ERFÐIR

1. ERFÐÁVÍSAR SEM STJÓRNA GRUNNLITUM			
E-sætið og A-sætið	Rauður	Brúnn	Jarpur
Öll hross má flokka erfðafraðilega í einn af grunnlitum þremur og eru annað hvort rauð (e/e, -/- ¹), brún (E/-, a/a) eða jörp (E/-, A/-) í grunninn, sama hvaða lit þau sýna í svipari sínu.			
Nánari upplýsingar í litaskjali (smellið á mynd til hliðar)			
¹ – táknar að óvist er hvaða samsæta kemur fyrir í erfðavísasætinu.			

Auk erfðavísa fyrir grunnlit geta hross haft samsætur í öðrum erfðasætum sem breyta grunnlit hrossins.

2. ERFÐÁVÍSAR SEM HAFA LÝSANDI ÁHRIF Á GRUNNLITINA			
C-sætið	Leirljós	Brúnn, ber leiril	Moldóttur
Hross sem bera eina ríkjandi samsætu af leirilageninu C*/C^{cr}			
Nánari upplýsingar í litaskjali (smellið á mynd til hliðar)			
C-sætið	Hvítungi/Rauðfólur	Hvítungi/Brúnfólur	Hvítungi/Jarpfólur
Hross sem bera tvær ríkjandi samsætur af leirilageninu C^{cr}/C^{cr}			
Nánari upplýsingar í litaskjali (smellið á mynd til hliðar)			

Mynd 7. Rafrænir bæklingar um liti og litaerfðir.

Síðan er hægt að opna hvern og einn bækling með því að smella á hann. Ef smellt er á bæklinginn um rauða litinn opnast mynd 8:

LÝSING Rauð hross hafa feld sem inniheldur rautt og gult litarefni. Litblær feldsins er fjölbreytlegur og frá því að vera ljósrauður með gulum litlæ, fagurrauður með djúpan rauðan lit, aka- eða korgrauður með „lírenum“ rauðan lit upp í að vera klumb- eða sódrauður með dökkum, rauðbúnum lit, þar sem mjög dökk eða svart hár er að finna á milli rauða hárens sem valda sólgum litlæ. Fax og tagl rauða hrossa getur verið í sama lit og búkurinn. Algengara er þó að þau séu ljóshest með ljósrauðgult fax og tagl. Gólfext er mun sjaldgæfari, þar sem fax og tagl er orðið mjög ljóst eða jafnvel næmi hvítt. Vindfext rauð hross hafa blöndu rauða, svarta, græna og hvítra hára í faxi og tagli. Værest ber að rugla þeim saman við vindfext hross. Augnittur er dökkur og húð er gráleit. Rauð föld fæðast yfirleitt ljósráð á litinn, með nánast hvíta fætur. Liturinn breytist jafnan fyrsta dró og er mjög oft dektur á hrossinu þegar það er fullorðin. Fætur liturinn getur einnig breyst, því er ráðlagt að yfirfara litarskráningu hrossins, þegar það er orðið rúmlega árs-gamalt. Rauð hross geta verið gróndet og mjólvuð um kvá, með ljósgul eða hvít hár á grónum og á kvánum í stað rauða. Rauð hross geta haft dökka mún eftir bakinu og metti þá kalla þau „rauðmúndit“. Stundum fylgja múndinni ómurr frumteikn svo sem leggjarendur. Gætta verður að rugla þeim ekki saman við bleik hross.	RAUDUR  LITUR	ERFÐIR Grunnlitirnir fyrir rauður, brúnn og jarpur ráðast af tveimur erfðaböttum í E-sæti og í A-sæti. E-sætið (Extension): ákvarðar hvort hrossið getur framlétt svart eða rautt litarefni í hárunum. Í E-sætinu eru tveir samsætur: E ríkjandi: svart litarefni er framlétt. e víkjandi: rautt litarefni er framlétt ef hrossið er arfhreint (e/e). A-sætið (Agouti): ákvarðar hvar svart og hvar rautt litarefni er að finna á bak hrossins. A-sætið hefur einungis áhrif á litinn, ef E-sætið leyfir framléttu á svarta litarefni. Í A-sætinu eru tveir samsætur: A ríkjandi: breytir bókitt brúna hrossa í rauða og jarpur litur myndast. a víkjandi: hefur engin áhrif á dreifingu svarts litarefnis ef hrossið er arfhreint (a/a). Rautt hross þarf að hafa að hafa tvær víkjandi e samsætur í E-sætinu til að verða rautt á litinn. Ekki skiptir máli hver arfgæðin er í A-sætinu, þar sem það hefur engin áhrif á lit þeirra. Rauð hross geta því dölú jarpán lit. Mögulegar arfgæðir rauða hrossa eru: ee, Aa ee, Aa ee, aa Rauð hross geta borið dúndar vinddóttar erfðir (Z samsætuna í Z-sætinu) og eignast vinddótt afkvæmi með hrossum sem hafa E samsætu. Þau geta verið arfböndin (Z/Z) eða arfhreini (Z/z) um vinddótt en þess að það hafi nokkur áhrif á rauða litinn. Ekki er vitað til þess að erfðagallar fylgi rauðum lit.
---	--	---

Mynd 8. Þarna er litnum lýst og upplýsingar um hvernig hann erfist.

Ef smellt er á myndir (mynd 6) er hægt að haka við ákveðna liti og þá kemur WF upp með myndir af viðkomandi litum. Enn eru ekki til myndir af öllum litum en þarna má engu að síður finna myndir af öllum algengustu litunum.

Litatafla			
Aðallitur	Blæbrigði	Einlitt/Tvilitt	Litarauðkenni
☐ 0 Grár	☐ 2 Jarpur/ljós-	☐ 0 einlitt	☐ 0 ekkert auðkenni
☐ 1 Rauður	☐ 3 Jarpur/botnu-	☒ 1 skjótt	☐ 1 glófext
☐ 2 Brúnn	☐ 4 Jarpur/rauð-	☐ 2 stjörnött	☐ 2 vindhært (grásprengr) í fax eða tagl
☒ 3 Jarpur	☒ 5 Jarpur	☐ 3 nösótt	☐ 3 vagl í auga
☐ 4 Leirljós	☐ 6 Jarpur/korg-	☐ 4 tvístjörnött	☐ 4 hringeygt eða glaseygt
☐ 5 Moldóttur	☐ 7 Jarpur/dökk-	☐ 5 blesótt	☐ 5 ægishjálmur
☐ 6 Bleikur	☐ 8 Jarpur/litfórtur	☐ 6 leistar (eingöngu)	☐ 6 glófext og vagl í auga
☐ 7 Móálóttur		☐ 7 sokkar (eingöngu)	☐ 7 glófext og hringeygt eða glaseygt
☐ 8 Bleikálóttur		☐ 8 stjarna/nös eða tvístj. auk leista eða sokka	☐ 8 vindhært í fax eða tagl og vagl í auga
		☐ 9 blesa auk leista eða sokka	☐ 9 vindhært í fax eða tagl og hringeygt eða glaseygt
		☐ B hvít KIT teikn (W8)	
		☐ s slettuskjótt	
		☐ Y ýruskjótt (W21)	

Hreinsa



Mynd 9. Ef hakað er í aðallit jarpur, skjóttur, koma upp hross með þann lit.